



Skóli Ísaks Jónssonar



NÁMSKRÁ leikskóladeilda

2023-2024

Efnisyfirlit

Sérstaða leikskóladeildar	4
Meginmarkmið náms 5 ára deildar	4
Hlutverk kennarans.....	5
Leikurinn	6
Grunnþættir náms	7
Námssvið leikskóla	7
Læsi og samskipti	8
Sjálfbærni og vísindi	9
Heilbrigði og vellíðan	11
Sköpun og menning	14
Sólbrekka.....	15
Samstarf heimilis og leikskóla.....	16
Aðlögun	16
Foreldrasamstarf	17
Að loknu námi í leikskóladeild.....	17
Námsmat.....	18
Fylgiskjal 1	19



„Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er fyrir börn undir skólaskyldualdri. Leikskóli annast að ósk foreldra uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri í samræmi við lög þessi¹. Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótað af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi².“

¹ Lög um leikskóla 2008 nr. 90 12. júní 1. gr. Gildissvið

² Lög um leikskóla 2008 nr. 90 12. júní 2. gr. Markmið



Sérstaða leikskóladeildar

Skóli Ísaks Jónssonar er sjálfseignarstofnun sem sinnt hefur menntun barna frá stofnun hans 1926. Alla tíð hefur skólinn sérhæft sig í kennslu yngri barna.

Í Skóla Ísaks Jónssonar leggjum við áherslu á að efla heilbrigða lífshætti barnanna, lífsviðhorf og lífsleikni og sjálfstraust þeirra. Við viljum mæta börnunum þar sem þau eru stödd og markvisst leiða þau áfram í átt til aukinnar færni og þroska.

5 ára deild Skóla Ísaks Jónssonar starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 20/2008 og Aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011.

Námskrá 5 ára deildar tekur mið af námskrá Skóla Ísaks Jónssonar og þeim markmiðum sem þar koma fram. Hlutverk þessarar námskrár er að skilgreina og segja frá þeim þáttum sem aðgreina starf leikskóladeildar frá starfi eldri deilda skólans (6-9 ára barna). Námskránni er ætlað að vera stjórnþæki fyrir innra starf leikskóladeildar og veita foreldrum upplýsingar. Í daglegu tali er leikskóladeildin oftast kölluð 5 ára bekkur.

Frá árinu 1972 hefur 5 ára bekkur verið í Skóla Ísaks Jónssonar. Barnið mætir í skólann rétt eins og aðrir nemendur skólans, en er þó ekki skólaskyld. Barn í 5 ára bekk hefur ekki heimanám en er hvatt til að sýna foreldrum sínum náms-handavinnu tengda hljóða-/stafainnlögn, í hvert skipti sem það hefur lært nýtt hljóð/staf. Jafnframt eru foreldrar hvattir til að ræða nám barnsins við það að loknum skóladegi og sýna verkum þess áhuga og virðingu.

Meginmarkmið náms 5 ára deildar

Meginmarkmið náms í 5 ára deild skólans er að styðja við námshvöt barnsins og veita því góð tækifæri til náms og leiks. Við viljum skapa aðstæður þar sem komið er til móts við þarfir allra barna í sameiginlegu umhverfi. Starfsáætlun og dagskipulag er í föstum skorðum þar sem nám fer fram í gegnum leik, verkefni og samskipti. Við viljum hámarka námsmöguleika barnsins með því að vanda vel til leikefnis og námsumhverfis. Í stundaskrá barnanna er tilgreindur tími í tónlist, íþróttir, útiveru, heimilisfræði, stafainnlögn, leik, sköpun, málörvunarstundir, talnaskilning og fleira.

Hlutverk kennarans

Að jafnaði starfa fjórir bekkir í leikskólahluta Skóla Ísaks Jónssonar, það fer þó eftir fjölda skráðra barna. Hver bekkur hefur sinn umsjónarkennara sem stýrir starfinu og sinnir almennu skólastarfi í sinni bekkjardeild. Þar að auki fylgir bekknum stuðningsfulltrúi. Þeir faggreinakennarar sem koma einnig að barninu eru; tónmenntarkennari, íþróttakennari, heimilisfræðikennari, enskukennari og starfsfólk lengdrar viðveru (Sólbrekku).

Barni í 5 ára deild er búið örvandi uppeldisumhverfi, bæði í skólanum og í lengdri viðveru. Kappkostað er að hvert barn fái notið sín og í samvinnu við foreldra er unnið að því að efla alhliða þroska barnsins, andlegan og líkamlegan.

Hlutverk kennarans er að þekkja hvern einstakling í sínum bekk sem best og að fanga þau augnablik þegar barnið hefur þroska og getu til ákveðins verkefnis. Kennari þarf þannig að sjá barninu fyrir efni sem því hentar svo að áhugavekjandi sé. Kennari klæðir námið lokkandi búningi fyrir hvert einstakt barn. Stöðugt er leitast við að rækta alhliða þroska barnsins í víðasta skilningi þess orðs. Unnið er jafnhliða að líkams- og hreyfiþroska barnsins, tilfinninga- og vitsmunabroska, málþroska og félags- og siðgæðisþroska þess. Á þennan hátt er unnið að því að efla heilbrigða lífshætti barnsins, lífsviðhorf og lífsleikni þess og sjálfstraust.

„Menntun á gefa börnum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og undirbúa þau til að lifa ábyrgu lífi í frjálsum þjóðfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, jafnréttis kynjanna og vináttu allra þjóða og þjóðernishópa. Stuðla ber að virðingu fyrir mannréttindum, mismunandi menningarlegri arfleifð, tungu og gildismati, öðru fólki og náttúrulegu umhverfi mannsins.“³

Lífsleikni barnsins er eflað með því að rækta þá þroskaþætti sem taldir eru upp hér að ofan. Barninu eru kennd lýðræðisleg vinnubrögð í skólanum. Því er kennt að bera virðingu fyrir sjálfu sér og umhverfi sínu en það þarf jafnframt að finna að tekið sé tillit til óska þess og væntinga. Barninu er kennt að virða reglur og er hjálpað að leysa vanda sem upp kunna að koma á friðsamlegan máta.

Hver og einn kennari metur sjálfur hvað af námskrá skólans hann leggur áherslu á. Engin von er til að hvert barn muni ná öllum námsmarkmiðum skólans eða að tími vinnist til að fara yfir hvern námsþátt. Í þessu tilliti hagar kennari seglum eftir vindi hverju sinni. Það er hlutverk kennarans að barnið upplifi hvern skóladag eins og nýtt ævintýri, og fjölbreytt námshandavinna á þar stóran þátt. Mikilvægt er að barnið fái hæfilega örvun og hvatningu til að taka óhikað þátt í leik og starfi, eitt og sér eða í hóp barna. Hlutverk kennarans er því að veita barninu öryggi með því að

³ https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/grunnthaettir_lydr_mannrett.pdf

vera nálægur, en jafnframt að hvetja það til dáða. Á þennan hátt er sjálfsmynd barnsins styrkt. Í skólastarfinu þarf jafnan að gæta þess að jafnvægi sé á milli leiks og starfs.

Leikurinn

Leikur er hornsteinn leikskólastarfsins, lífstjáníng og gleðigjafi barns. Leikurinn er mikilvægasta náms- og þroskaleið barnsins og í gegnum leik tjáir barnið sig og fær þannig tækifæri til að þroskast í samskiptum við önnur börn og öðlast þannig félagslega færni. Leikurinn felur einnig í sér nýja þekkingu og leikni og eykur þannig reynsluheim barnsins (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).



Í Aðalnámskrá leikskóla 2011 segir “Leikur getur verið bæði markmið og leið í leikskólastarfi. Þegar leikur er nýttur sem leið eru sett fram ákveðin markmið sem ætlunin er að ná í gegnum leikinn. Náms svið leikskólans fléttast inn í leik barna þegar starfsfólk tengir á markvissan hátt markmið þeirra við leik.”

Í Skóla Ísaks Jónssonar fá börn góð tækifæri til leiks. Bæði í frjálsum og sjálfsprottnum leik og skipulögðum leik með efnivið sem tengist verkefnavinnu eða öðru sem kennari býður upp á.

Til þess að leikurinn geti þróast og eflst þarf barn upplifun, hugmyndaflug og efnivið. Áhersla er lögð á að sá efniviður sem ætlaður er í leik barnanna sé í hæð þeirra og allt aðgengi og skipulag sé gott svo allir fái að njóta sín.

Grunnþættir náms

Sú menntastefna sem birt er í þessari aðalnámskrá er reist á sex grunnþáttum menntunar sem eru leiðarljós við námskrárgerð og eiga að fléttast inn í allt leikskólastarfið.

Þessir grunnþættir eru:

- læsi
- sjálfbærni
- heilbrigði og velferð
- lýðræði og mannréttindi
- jafnrétti
- sköpun



Grunnþættirnir eiga sér stoð, hver með sínum hætti, í löggjöf fyrir leikskóla (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Námssvið leikskóla

Námssvið leikskóla eru fjögur og taka þau mið af sex grunnþáttum náms. Námssviðin eiga að vera samþætt og samofinn öllu starfi leikskólans og byggja þau á skapandi og gagnrýni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum í leikskólanum.

Námssviðin eru:

- læsi og samskipti
- heilbrigði og vellíðan
- sjálfbærni og vísindi
- sköpun og menning (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Flokka má allt starf 5 ára deildar innan námssviðanna og greina þannig hvort komið sé til móts við allar þarfir barnsins innan leikskólastarfsins (sjá fylgiskjal 1).

Læsi og samskipti

Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Börn nota ýmsar leiðir til að tjá sig og eiga samskipti við aðra. Auk tungumálsins nota þau til dæmis ýmis hljóð, snertingu, látbragð og leikræna tjáningu, tónlist og myndmál. Í gefandi samskiptum og leik eykst félagsfærni og sjálfsmynd styrkist. Tungumálið er mikilvægur þáttur í þessum samskiptum og því ber að leggja mikla áherslu á málörvun og góða undirstöðu í íslensku (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Meginmarkmið íslenskukennslu í 5 ára bekk er að glæða skilning, auka áhuga á móðurmálinu, efla málþroska og auka orðaforða barnsins. Margskonar efniviður og aðferðir eru notaðar til að koma til móts við þarfir allra. Málörvun er fléttað inn í alla þætti skólastarfsins og vinnur umsjónarkennarinn markvisst með rím, atkvæði orða, samsett orð, hljóðgreiningu og margræði orða.



Í skólanum hefur barnið góðan aðgang að bókum. Kennari les fyrir barnahópinn á hverjum degi og segir sögur. Barnið er hvatt til að skoða bækur og læra þau ljóð sem eru hluti af söngskrá skólans hverju sinni. Þar er eyrað þjálfað í að hlusta á rím, hrynjanda og takt. Bækur og ljóð miðla fróðleik og reynslu, auk þess sem hvorutveggja örvar málþroska barnsins. Þetta er mikilvægur undirbúningur að lestrarfærni barnsins í framtíðinni.

Barnið fær þjálfun í að koma saman í hóp með öðrum og segja öðrum frá, hlusta með athygli og bíða eftir því að röðin komi að því, án þess að grípa fram í. Það fer eftir markmiði hverju sinni, hvort barnið fær að segja hug sinn óhikað eða það fær að ljá máls á ákveðnu atriði. Barnið er hvatt til að færa rök fyrir máli sínu með spurningum frá kennara eða samnemendum. Sérhvert barn á rétt á að leggja eitthvað til málanna. Það er kennarans að meta hverju sinni hver fær að tala. Kennari gætir þess að hvert barn fái tækifæri til að tjá sig og að ekki halli á eitt barn frekar en annað.

Í 5 ára bekk er farið yfir alla íslensku bókstafina með hljóðsögum. Með hljóðsögu er lögð áhersla á að þjálf hljóðheyrn barnsins og festa talstöðu hljóða. Við það að festa talstöðu hljóða hjá barni lagast stundum minniháttar framburðagallar. Við hljóðainnlögn fær barnið tækifæri til að segja hljóðið, tengja það við önnur hljóð, teikna bókstafinn í loftið eða á borðið með vatni með fingrinum, eða búa hann til með leir. Tenging hljóða í lestri er kynnt fyrir barninu með hljóðaaðferðinni, og þau börn sem tilbúin eru til að lesa fá tækifæri til að læra það. Ennfremur lærir barnið einstakar orðmyndir. Þá er lestraráttin æfð samhliða ritun. Samhliða hljóðinnlögn vinnur barnið í vinnubók. Þar er stafdráttur æfður auk annarra skemmtilegra verkefna þar sem barnið leikur með hljóð og orð.

Ritun er stór þáttur í móðurmálsnámi. Mörg börn kunna að skrifa nafnið sitt þegar þau koma í skólann og eru farin að skilja að ritáttin er frá vinstri til hægri líkt og lestraráttin. Þetta er þjálfað enn frekar í gegnum þau verkefni sem unnin eru. Á þessu stigi er mikilvægt að unnið sé markvisst að því að kenna börnunum rétta stafdrætti. En það að draga rétt til stafs hefur mikla þýðingu þegar komið er lengra í námi. Þjálfuð er ritun bókstafa samhliða hljóðsögum og ritun tölustafa þegar tölutáknin eru kennd. Að auki vinnur barnið alls kyns önnur ritunarverkefni á blaði.

Að hausti leggja sérkennarar með þar til gerð réttindi fyrir Hljóm-2 próf fyrir alla nemendur 5 ára deildar. Hljóm-2 er greiningartæki, aldursbundin skimun sem er lögð fyrir til að meta hljóðkerfis- og málmeðvitund barna í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir síðari lestrarerfiðleika⁴. Í HLJÓM-2 eru sjö mismunandi verkefni/leikir sem reyna á hljóðkerfisvitund og málmeðvitund barnanna og fleiri þætti málproskans. Foreldrar fá niðurstöður úr prófinu á niðurstöðublaði. Á blaðinu kemur fram hvernig barnið stendur í einstaka þáttum prófsins og hvað megi gera heima til að æfa hvern þátt. Í samráði við foreldra fara svo þau börn sem á því þurfa að halda í málörvunarhóp þar sem unnið er sérstaklega með markvissa málörvun. Á vorönn er prófið aftur lagt fyrir þennan barnahóp til að meta stöðu og framfarir.

Sjálfbærni og vísindi

Hlutverk leikskóla er að styðja við fróðleiksþorsta barna með því að fylgjast með og hlusta eftir því hvað börnin eru að fást við og reyna að átta sig á hvernig þau hugsa og skilja hlutina. Út frá því er þeim kynntur nýr efniviður og hugmyndir. Þau eru spurð spurninga sem m.a. er ætlað að vekja þau til umhugsunar um sjálfbærni og sjálfbæra þróun (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

⁴ https://laesisvefurinn.is/wp-content/uploads/2020/10/utsk_hljom_2_isl_20202.pdf

Barninu gefst tækifæri til að leika með ljós og vatn og gera tilraunir. Til þess eru notað vasaljós, myndvarpi, ýmsir hlutir sem hægt er að rannsaka hvort sökkvi eða fljóti og vatnslitir og matarlitir til að kanna litablöndun í vatni.

Í Skóla Ísaks Jónssonar er allt rusl flokkað og áhersla er lögð á endurvinnslu. Barnið lærir frá fyrsta degi að flokka lífrænt rusl, pappír, ál og plast og starfsfólk skólans eru mikilvægar fyrirmyndir.

Fjallað er um náttúruna og þær breytingar sem verða við árstíðaskipti. Barnið lærir um fiska, fugla, blóm og smádýr. Þá er haust og vor sérstaklega tekið fyrir. Barnið vinnur ýmist einstaklings- eða hópverkefni og tekur þátt í umræðum með félögum. Gjarnan eru gerðar verkefnabækur (til dæmis haust- og vorbók).

Stærðfræði

Meginmarkmið stærðfræðikennslu í 5 ára bekk er að barnið læri að þekkja tölutákn 0-20 og að það skilji fjöldann á bak við hvert tákn. Fjölbreytilegar kennsluaðferðir eru notaðar við stærðfræði-innlögn. Áður en kemur að því að barnið læri tölutáknin þá lærir það að;



- átta sig á að form hafa ólíka lögun. Barnið fær að sjá og handleika hluti sem eru ólíkir að stærð og lögun. Um leið er lögð áhersla á grunnformin hring, ferning og þríhyrning. Barnið teiknar formin á blað ásamt því að vinna önnur verkefni með þau.
- átta sig á stærð hluta. Hlutir geta verið ólíkir að stærð, þó að lögun þeirra sé eins. Með því að gefa barninu tækifæri á að handleika og teikna hluti sem eru eins að lögun en ólíkir að stærð, lærir það að skilja muninn á stórum hlutum og litlum. Það fær einnig tækifæri til að átta sig á því að það sem einum getur þótt stórt, þykir öðrum ef til vill lítið.
- átta sig á að fjöldi hluta getur verið mikill eða lítill. Um leið og barninu er gerð grein fyrir fjöldahugtakinu er því kennt að nota hugtökin

meira en, minna en, fleiri og færri. Barnið fær tækifæri til að teikna fjölda hluta á blað, nota leir við að sýna fjölda og flokka hluti eftir fjölda.

Um leið og talað er um form, stærð og fjölda hluta gefst gott tækifæri til að kynna fyrir barninu hugtakið mengi og hvernig flokka megji hluti í mengi. Þegar barnið kemur í 6 ára bekk, þekkir það hugtakið og getur betur áttað sig á verkefnum sem unnin eru með mengi.

Þegar barnið hefur farið í gegnum grunnatriði stærðfræðikennslunnar lærir það tölutáknin. Form, stærð og fjöldi reynir á sjón- og formskynjun barnsins, en segja má að tölutáknin reyni á hugtaka-skilning þess. Tölutákn segja barninu að á bak við hvert tákn sé ákveðinn fjöldi eininga, mismikill eftir táknum. Hér reynir í fyrsta sinn á afstæða hugsun barnsins.

Um leið og tölutáknin frá 1 og upp í 20 eru kennd er barninu sýnt að á bak við hvert tákn er ákveðinn fjöldi. Tölutáknin eru því kennd á fjölbreytilegan máta þar sem barnið fær að teikna og rita tölutákn og fjölda, handleika og sjá ákveðinn fjölda eininga og vinna með kubba og leir. Tölutáknið 0 er kennt sérstaklega, því engin eining er á bak við það.

Þegar tölutáknin hafa verið æfð og barnið er farið að átta sig á fjölda á bak við hvert tölutákn eru einföld reikningsdæmi æfð. Barnið lærir samlagningu talna frá 0 og upp í 10. Barnið fær að æfa sig með því að nota kubba, teikna fjöldann fyrir hvert tákn og vinna einföld dæmi í vinnubók. Jafnt og þétt yfir veturinn vinnur barnið í stærðfræði- verkefnahefti eða í bókum. Þar vinnum við með hugtökin jafnt og, samtals og samasem. Með þessari vinnu fær barnið æfingu í öllum ofan greindum þáttum. Kennari leggur hvert verkefni inn og vinnur með hópnum sameiginlega upp á töflu eða gengur á milli og hjálpar hverju barni fyrir sig.

Á hverjum degi er dagatal skoðað og rætt um hvaða mánaðardagur, vikudagur, mánuður og ár er. Kennari og börn telja skóladagana og á hverjum degi er einn fiskur settur upp á vegg í fiskabúr (ein eining). Þegar fiskarnir eru orðnir 10 þá er þeim skipt út fyrir stóran fisk (einn tugur). Þannig lærir barnið um tugi og einingar. Þegar 100 dagar eru liðnir þá er haldin 100 daga hátíð.

Heilbrigði og vellíðan

Í leikskóla eiga börn að læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan. Hreyfing getur haft í för með sér gleði og ánægju og í gegnum hana læra börn. Börn eiga að fá tækifæri til að hreyfa sig frjálst jafnframt því að taka þátt í skipulagðri hreyfingu. Hreyfiproski og vellíðan hafa jákvæð áhrif á samskipti barna, námsárangur, umgengni þeirra við umhverfi sitt og hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf og nýjar aðstæður (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Í Skóla Ísaks Jónssonar leggjum við áherslu á hollan mat og góðar neysluvenjur. Börnin koma með ávaxta- eða grænmetisbita að heiman sem þau borða um klukkan 9:30. Í hádeginu er fjölbreyttur hádegismatur á boðstólum frá fyrirtækinu Krúsku. Börnin fá nónhressingu í skólanum.

Á ganginum á hvert barn sitt hólf og snaga. Þar er mikið lagt upp úr því að auka sjálfstæði og sjálfshjálp barnanna. Börnin eru hvött til að hjálpa hvert öðru og ýtir það undir umhyggju, vináttu og samhug.

Bókin um músina Tíslu⁵ er notuð í lífsleikni. Í bókinni segir frá músinni Tíslu sem er að takast á við að byrja í nýjum skóla eins og börnin sjálf. Einnig er notað efni frá Hugarfrelsi í lífsleiknikennslu. Hugarfrelsi inniheldur öndunar, slökunar og hugleiðslu sögur og verkefni. Í daglegu lífi eru börnin að takast á við lífsleikni t.d. í frímínútum og hópastarfi. Þannig er lífsleikni rauður þráður í lífi barnanna.

Leikir í skólastarfi hafa það að markmiði að auka færni barnsins. Leikir styrkja og örva líkams - og hreyfiproska barnsins auk þess sem félags- og siðgæðisvitund þess eflist. Leikir geta verið einstaklingsmiðaðir eða hópmiðaðir. Í 5 ára bekk lærir barnið að það tilheyrir ákveðnum hópi, bekkjardeild sinni.

Einstaklingsmiðaður leikur kallar á sjálfstæða vinnu barnsins og sjálfstæðan leik. Barnið nýtur leiðsagnar kennarans og umönnunar í sjálfstæðri vinnu, jafnframt því sem það þarf að treysta á sjálft sig.

Hópmiðaður leikur kallar ýmist á leik í hópi þar sem hvert barn í hópnum tekur jafnan þátt í leiknum allan tímann eða hópavinnu þar sem börnin vinna saman. Hópleikir hvetja barnið til að virða skoðanir annarra og efla skilning barnsins á gildi vináttunnar. Á hverju ári er vinátta tekin fyrir. Þá lærir barnið um vináttu og unnin eru verkefni með hópefli í huga.

Í upphafi skólaárs er barninu gefinn góður tími til að átta sig á rými íþróttasalarins, áhöldum og reglum sem þar gilda. Í íþróttatímum þarf barnið að vera í fimleikaskóm eða sokkum með stömu undirlagi. Þetta er nauðsynlegt svo það renni ekki í íþróttasalnum. Skórnir/sokkarnir eru geymdir í skólanum allan veturinn.

⁵ <https://mms.is/namsefni/bokin-um-tislu>

Athugað er hvar barnið er stadd í þroskaferlinu. Þetta er gert með hreyfiþroskaprófi á haust- og vorönn.

Farið er í hugtökin lárétt og lóðrétt, undir og yfir, lítið og stórt, hratt og hægt, skyndilega, máttlaus og sterkur, framan og aftan, ofan og neðan, til hliðar, beint og bugðótt. Markmiðið er að barnið finni sig í sínu eigin rými og utan þess. Að það skynji sjálft sig í umhverfinu og að það er ekki eitt í því. Hreyfiþroski barnsins er örvaður, sjálfsmynd þess eykst og hugsun og hreyfingar líkamans samhæfast. Jafnvægiskynjun er styrkt og barnið lærir að taka tillit til annarra. Með tímanum lærir barnið það erfiða hlutverk að tapa eða vinna, þ.e. að taka hlutskipti sínu hvort heldur sem er.

Lögð er áhersla á að þjálfja jafnvægi barnsins. Til þess eru notuð m.a. slá, bekkur, veltiplatti, skjaldbaka og stultur, ásamt fleiri áhöldum og margs konar æfingum. Markmiðið er að barnið geti óhrætt gengið á slá án þess að detta, hoppað á öðrum fæti á gólfi frá einum stað til annars. Að það geti gengið á bekk og rúllað bolta, gengið á stultum og skjaldböku.

Hópleikir skipa stóran sess í íþróttakennslu. Leikir stuðla að heilbrigðum lífsháttum, samvinnu og efla hreyfiþroska og hreyfigetu barnsins og styrkja samhæfingu hreyfinga, hvort heldur sem er grófhreyfinga eða fínhreyfinga. Barnið lærir mikið af gömlum og nýjum leikjum, þar má til dæmis nefna; *Stórfiskaleik, Skottaleik, Skotbolta, Fótbolta, Ásadans, Tarzan leik og Krókódill*. Áhersla er lögð á leiki og stöðvavinnu. Markmiðið með hópleikjum er að barnið fái aukið þol og gott úthald, að það læri samskiptareglur, æfist í viðbragði, hraða og krafti.

Frjálsar íþróttir eru undirbúnar í gegnum leik með fyrrnefndri stöðvavinnu. Einnig taka börnin þátt í ÍSí skólahlaupinu að hausti. Markmiðið með því að barnið læri undirstöðuatriði frjálsra íþróttar er að það geti hoppað jafnfætis, á öðrum fæti, yfir hlut og hlaupið ákveðna vegalengd.

Megintilgangur með að láta barnið þjálfja meðferð bolta er að það skynji lögun hans og feril í leikjum og æfingum. Meðvituð handa-hreyfing barnsins þjálfast, einnig snerting, mat á fjarlægð og það þjálfast í að hræðast ekki boltann. Boltar eru ýmist léttir eða þungir, úr gúmmí, svampi eða plasti og eru í mörgum stærðum. Markmiðið er að barnið geti rúllað bolta, kastað bolta í vegg og gripið, kastað bolta í gólf og gripið og hitt bolta í litlar körfur og keilur.

Létt áhöld eru notuð til að vinna með grófhreyfingar barnsins, jafnvægisskyn þess og taktskyn. Notuð eru áhöld eins og baunapokar, prik, kúlur, spaðar, bandýspaðar, sippubönd, húllahringir, gúmmí-hringir, fjaðraboltar, svampboltar, svifdiskar, stultur, litlir kengúruboltar og veltiplattar. Markmiðið er að barnið læri að henda baunapokum á ákveðinn stað og að hlaupa með kúlur frá einum stað til annars. Einnig að það læri að nota bandýspaða til að hitta, slá og stoppa litla bolta á gólfi. Barnið þarf að geta sveiflað sippubandi yfir sig og lærir grunninn að því að sveifla

húllahring. Það lærir að kasta fjaðrabolta, og kasta svampbolta í körfu, kasta svifdisk og að kasta gúmmíhringjum á prik. Ennfremur lærir barnið að sitja á kengúrubolta og hoppa á honum. Það lærir að standa á veltiplatta og halda jafnvægi.

Þung áhöld eru notuð til að vinna með grófhreyfingar barnsins, styrkja það, efla jafnvægisskyn þess og liðleika. Notuð eru áhöld eins og kista, hestur, kubbur, slá, bekkur, rimlar, kaðlar og dýnur. Markmiðið með notkun þungra áhalda er að barnið læri að hoppa hliðarstökk yfir bekk og kistulok. Að það æfist í uppstökki á kistu með hjálp trampólíns eða stökkbrettis og að það læri að stökkva af kistu og hesti. Að barnið geti hoppað upp á hest af stökkbretti og að það geti farið kollhnís á dýnu og geti sveiflað sér í köðlum. Einnig þarf barnið að geta rennt sér niður bekk úr rimlum og klifrað upp og niður í rimlum.

Sköpun og menning

Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Umhverfi leikskóla á að örva skynjun og styðja við sköpunarkraft barna (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Tónlist hefur alltaf skipan stóran sess í Skóla Ísaks Jónssonar. Á hverjum degi syngja börnin með kennara sínum lög af söngdagskrá skólans. Tvisvar í viku er söngstund þar sem allir nemendur og kennara skólans koma saman. Foreldrar fjölmenna í þessar stundir í hverri viku og taka þannig þátt í þessari skemmtilegu hefð. Sungin eru lög af söngdagskrá skólans. Þar er að finna ættjarðarlög, lög á erlendum tungumálum og dægurlög.

Meginmarkmið tónmenntarkennslu í 5 ára bekk er að fá barnið til að tjá sig með söng í hópi. Í tónmenntartímum er lögð áhersla á tjáningu, bæði munnlega og líkamlega, ýmist með hreyfingum eða án þeirra. Barnið lærir lög og ljóð, gjarnan önnur en þau sem eru á söngskrá skólans. Barnið fær tækifæri til að hlusta á ýmis konar tónlist og hreyfa sig eftir henni. Það kynnist mismunandi hljóðfærum og hljóðgjöfum. Með samvinnu tónmenntarkennara og umsjónarkennara er möguleiki á að setja upp söngleik eða aðra skemmtun til að sýna foreldrum og skólanum á sal.



Meginmarkmið með kennslu í átthagafræði (sem er náttúru- og samfélagsfræði) er að skerpa athygli barnsins gagnvart nánasta umhverfi sínu og æfa það í að beita skynfærunum. Að sjá, heyra, lykta, bragða og þreifa á, er hluti af þeirri vinnu sem barnið sinnir. Unnið er með verkefni um barnið sjálft. Þannig er sjálfsvitund barnsins vakin, sjálfstraustið styrkt og því hjálpað til að skapa sér jákvæða sjálfsmynd. Þegar verkefnum um barnið sjálft lýkur er sjóndeildarhringur þess víkkaður til muna. Unnið er með verkefni um höfuðskepnurnar fjórar (vatn, loft, eld, jörð), fugla, blóm, dýr og náttúru. Einnig eru unnin verkefni um árstíðir, vikudaga og mánuði, stórhátíðir og þá atburði sem efst eru í huga okkar á hverjum tíma.

Gildi myndmenntar og handmenntar í 5 ára bekk er ómetanlegt. Myndmennt þjálfar barnið í að samsama augu og hendur auk þess sem fínhyfingar þess eru þjálfðar. Barnið vinnur alla sína mynd- og handmennt inni í heimastofu sinni undir leiðsögn umsjónarkennara. Barnið lærir um litina og vinnur verkefni tengd þeim. Barnið fær einnig tækifæri til að klippa og líma, teikna, mála og leira, auk þess sem önnur verkefni eru unnin á fjölbreytilegan máta. Hvert einasta verkefni sem barnið vinnur í skólanum felur í sér mynd- og handmennt af einhverju tagi og þessar greinar eru því órjúfanlegur hluti af heildarvinnu barnsins í skólanum. Mynd- og handmennt gefa barninu tækifæri til að tjá sig og sýna hugsanir sínar í verki. Námshandavinnan sem barnið vinnur í kringum hljóðainnlögn er hluti af þessari vinnu. Barnið lærir að hugsa vel um litina sína og ganga fallega frá þeim. Mikilvægt er að barnið læri snemma að ganga vel um skriffæri og önnur áhöld sem það vinnur með í skólanum. Þetta eykur skilning barnsins á verðmætum.

Sólbrekka

Barn í 5 ára bekk er með umsjónarkennara sínum í fimm kennslustundum á dag eða frá 8:30 til 13:20. Að því loknu býður Skóli Ísaks Jónssonar upp á lengda viðveru barnsins í Sólbrekku, gegn gjaldi utan Reykjavíkurborgar. Markmið Sólbrekku er að bjóða upp á starf þar sem hver einstaklingur fær að njóta sín og þroskast í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu. Lögð er áhersla á að ná til allra þroskaþátta barnsins í gegnum leik. Auk þess sem barnið lærir að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Í Sólbrekku fer fram leikskólastarf sem unnið er samhliða öðru námi í skólanum. Það er Skóla Ísaks Jónssonar kappsmál að starfið í Sólbrekku sé metnaðarfullt og þar séu áherslurnar aðrar en í fyrri hluta dags. Í Sólbrekku fær barnið meiri útiveru og annars konar tækifæri til leiks.

Í Sólbrekku er mikil áhersla lögð á frjálsan leik. Þar velja börnin sér viðfangsefni, til dæmis; ýmis konar kubbar (eininga, Kapla, kross, smellu, bursta og Legokubbar), hlutverkaleikur (eldhúsdót, dúkkur og búningar), skapandi starf og ýmis fínhyfiverkefni (perlur, pinnar, litir, tefla, spila og klippa). Sólbrekka er opin frá 7:30-8:30 (morgungæsla gegn gjaldi) og frá 13:20-17:00 (16:15 á föstudögum).

Samstarf heimilis og leikskóla

Aðlögun

Góð samvinna og traust er undirstaða að góðri skóladvöl. Í Skóla Ísaks Jónssonar leggjum við mikla áherslu á gott samstarf við foreldra.

Að vori bjóðum við væntanlegum nemendum 5 ára bekkja að koma í heimsókn í skólann með foreldrum sínum. Í heimsókninni er starf 5 ára bekkja kynnt lítillega. Reynt er að gera heimsóknina eftirminnilega fyrir væntanlega nemendur skólans. Markmiðið með heimsókninni er að barn sem kemur í 5 ára bekk að hausti þekki til skólans þegar það hefur skólagöngu sína. Það veitir barninu ákveðið öryggi að hafa komið í skólann og fengið að skoða hann í fylgd starfsmanns.

Í vikunni fyrir fyrsta skóladag koma börnin í fylgd foreldra í einstaklingsviðtöl að hitta umsjónarkennara sinn. Þá hittir barnið kennara sinn og heimsækir kennslustofuna sína. Í viðtalinu tekur kennarinn mynd af barninu sem síðan er sett á hólfið á ganginum sem bíður eftir barninu fyrsta skóladaginn.



Foreldrasamstarf

Í Skóla Ísaks Jónssonar leggjum við mikla áherslu á persónuleg samskipti við foreldra. Hverju barni er heilsað og það kvatt með augnsambandi í byrjun og lok dags. Upplýsingar til foreldra fara að mestu fram í daglegum samskiptum við starfsfólk en einnig er tölvupóstur og mentor.is kerfið notað til að koma skilaboðum áleiðis.

Eftir að skólagangan er hafin eru skipulögð foreldraviðtöl tvisvar á ári, eitt á haustönn og annað á vorönn. Í viðtölunum er farið yfir líðan barnsins í skólanum, framfarir í þroska og óskir foreldra. Foreldrar eru hvattir til að hafa samband með tölvupósti eftir þörfum.

Á hverju hausti er námsgagnakynning þar sem foreldrar og starfsfólk hittast og farið er yfir veturinn sem framundan er. Þá eru kosnir fulltrúar í foreldrafélag skólans.

Á föstudögum eru foreldrar og aðrir gestir velkomnir í söngstund í skólanum.

Einu sinni á ári (að vori) er haldin bekkjaskemmtun. Fyrir þá stund æfa börnin söng, leikrit eða annað skemmtiatriði sem þau flytja fyrir fjölskyldur sínar.

Að loknu námi í leikskóladeild

Að loknu námi í 5 ára bekk á barnið að hafa öðlast aukið sjálfstraust og færni í að veita hlutum í kringum sig meiri eftirtekt. Æskilegt er að barnið þekki lestrar- og ritunarátt og hljóð allra íslensku bókstafanna, auk þess að þekkja heiti þeirra. Einnig er æskilegt að það geti tengt saman tvö hljóð eða fleiri og þekki einstaka orðmyndir sem æðar hafa verið og geti ritað einföld orð eftir töflu og nafnið sitt.

Æskilegt er að barnið kannist við tölutáknin frá 0 og upp í 20, og geti skilið fjöldann sem stendur að baki hverju tákni. Ennfremur er æskilegt að barnið geti greint á milli grunnformanna hring, þríhyrning og ferning og að það geti áttað sig á því að hlutir eru ólíkir að stærð þó lögun þeirra

sé eins. Þá er æskilegt að barnið kannist við hugtökin stærra en, minna en og það ráði við einföld samlagningardæmi þar sem summa talnanna verður aldrei hærri en 10.

Barnið á að geta óhikað tekið þátt í leik, ýmist hópmiðuðum eða einstaklingsmiðuðum. Það á að vera fært um að virða skoðanir annarra en um leið að segja eigin skoðanir, og það á að hafa tileinkað sér umburðarlyndi. Barnið á að geta tjáð sig með söng í hópi annarra barna.

Athygli barnsins gagnvart umhverfinu á að vera skarpari og það á að hafa öðlast færni í að beita skynfærunum í daglegu lífi. Í gegnum íþróttakennslu og leiki á hreyfiproski barnsins að hafa styrkst, einkum þó grófhreyfingar þess. Í gegnum fjölbreytilega námshandavinnu eiga fínhreyfingar barnsins að hafa styrkst.

Námsmat

Að loknu námi í 5 ára deild fer ekki fram eiginlegt námsmat eins og tíðkast í öðrum bekkjum skólans. Kennarar geta kannað hljóða- og bókstafakunnáttu og hugsanlega lestrarfærni barnsins. Fljótlega eftir að barn hefur nám 5 ára bekk að hausti teiknar það mynd af sér. Myndin er geymd hjá kennara fram á vor, þá teiknar barnið aftur sjálfsmynd. Þessar tvær myndir barnsins eru límðar, hlið við hlið, á karton. Framan á spjaldið er skráð nafn barnsins og heiti bekkisins. Gaman er að bera saman myndirnar í byrjun og lok skólaársins.

Barnið fær afhent skjal um dvöl þess í skólanum þann vetur. Á því eru tilgreindir helstu námsþættir vetrarins, til dæmis; íslenska, áttthagafræði, stærðfræði, tónmennt, íþróttir, enska og heimilisfræði. Skjalið er undirritað af umsjónarkennara barnsins og á því kemur fram nafn þess, bekkjarheiti og skólaár.



Fylgiskjal 1

Námssvið leikskólans eru samþætt í öllu starfi og taka mið af sex grunnþáttum menntunar (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).			
Læsi og samskipti	Heilbrigði og vellíðan	Sjálfbærni og vísindi	Sköpun og menning
Hljóðin a-ö lögð inn í gegnum sögur, leik og námshandavinnu. Eitt til tvö hljóð á viku allt skólaárið. Stafdráttur æfður t.d að byrja upp og draga niður með ritföngum, í loftið og leira.	Börnin fara í leikfimi hjá íþróttakennara einu sinni í viku.	Á haustönn læra um þær breytingar sem verða á náttúru og dýrum. Fjallað er um réttir, farfugla, haustverkin og uppskeru. Sem unnin er á skapandi hátt. Leikræn tjáning í tengslum við þema og umfjöllunarefni. Dæmi börnin leika farfugla í oddaflugi eða lauf sem falla af tré.	Sungið er á hverjum degi lög af söngdagskrá skólans. Söngstund í sal er tvisvar sinnum í viku þar sem allir nemendur og kennarar koma saman.
Markviss málörvun: rím, atkvæði orða, samsett orð, hljóðgreining, margræð orð, taka í sundur samsett orð, æft allt skólaárið.	Göngu- og vettvangsferðir jafnt og þétt yfir allt skólaárið. Oft í tengslum við þema eða umfjöllunarefni dagsins.	Endurvinnsla: flokka lífrænt, pappír, plast og ál allt skólaárið.	Tónmennt einu sinni í viku þar sem markvisst er unnið með tónlist/hljóðfæri/takt.
Börnin æfa stafdrátt og hljóðvitund á skapandi hátt og með verkefnum í vinnubókum.	Farið er í hreyfileiki úti og inni allt skólaárið, jafnt með umsjónarkennara, leikfimikennara og starfsmönnum lengdrar viðveru.	Á vorönn gróðursetja börnin fræ, huga að og fylgjast með plötunni vaxa.	Þemaverkefni rithöfundarnir Gunnilla Bergstrøm (sögupersónan Einar Áskell) og Sigrún Eldjárn kynnt. Nokkur verk þeirra lesin, verkefni þar sem börnin vinna með sögupersónur í máli og myndum.
Lesið er/hlusta á sögur með og án mynda	Leikræn tjáning í tengslum við þema og umfjöllunarefni. Dæmi börnin leika farfugla í oddaflugi eða lauf sem falla af tré.	Tilraunir með ljós, skugga, vatn, liti, loft og fleira. Í desember er vasaljósadagur.	Unnið með Þúsaldarljóð eftir Sveinbjörn I. Baldvinsson (jörð, vatn, loft og eldur). Börnin læra um höfuðskepnurnar og vinna verkefni og tilraunir tengd þeim og fara í vettvangsferð.
Lesið er/hlusta á sögur með og án mynda.	Unnið er að því að auka liðleika, úthald og þor í útileikfimi og leikfimitímum allt skólaárið.	Börnin læra um vor og haust, þar sem horft er til fugla, smádýra, blóma og plönturíkis.	Börnin læra um litina (frumlitir og litablöndun). Börnin finna hluti í mismunandi litum í náttúruni og para við litaprufur.
Safna orðum með tilheyrandi bókstaf vikunnar.	Áhersla er lögð á að prófa og upplifa skynfæri. Börnin snerta og kanna	Á hverjum degi skoðum við dagatalið og ræðum um hvaða mánaðardagur,	

	mismunandi áferðir efna og reyna þannig á skynfæri sín. Líkamsvitund aukin með söngvum og hreyfileikjum.	vikudagur, mánuður og ár er. Gott er að nota krónur eða fiska til að telja upp á vegg.	Námshandavinna tengd hljóðainnlögn. Hvert barn býr til stafaspjald fyrir hvert hljóð. Hvert spjald er tengt við hljóðsögu (sögu um hljóðið) á fjölbreyttan og skapandi hátt.
Námssvið leikskólans eru samþætt í öllu starfi og taka mið af sex grunnþáttum menntunar (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).			
Læsi og samskipti	Heilbrigði og vellíðan	Sjálfbærni og vísindi	Sköpun og menning
Börn fara í ensku einu sinni í viku og læra söngva, orð og setningar (að heilsa, liti og dýr).	Í vinaviku læra börnin um vináttu í gegnum leik, sögur og samvinnu með hópefli í huga.	Formin: í september skoða börnin formin; þríhyrning, ferning, ferhyrning og hring með mismunandi námsleiðum.	Unnið að því að efla fínhyrfingar með því að klippa, leira og föndra.
Kennarar velja umsjónarmenn þar sem ábyrgð og samvinna er æfð.	Einu sinni í viku fara börnin í lífsleiknitíma. Kennari velur efni sem hentar, t.d. Bókin um Tíslu. En lífsleikni fyrirfinnst daglega í flestu í skólastarfi.	Að hausti læra börnin um tölurnar 1-10 og þekkja fjöldann á bak við töluna og skrifa þau. Þau vinna tölustafabók. Spil og annað efni tengt tölustöfum í boði allt skólaárið.	Börnin kynnast fjölbreyttum efnivið (pappír, ritföng, málningu og bókum) og læra umgengni við þessa hluti frá fyrsta skóladegi (Ísaksskólaleiðina).
Farið er yfir lestrarátt/ritátt frá vinstri til hægri á hverjum degi með börnunum t.d. með því að skrifa á töfluna, fylgja með vísifingri undir lesinn texta.	Leikjadagar er í maí þar sem allir bekkir fara saman í leiki út á skólalóð.	Stærðfræði: Í þessum verkefnum æfa börnin sig í að spora, gera munstur, telja og flokka. Unnið allt skólaárið.	Börnin læra um sögu Ísaksskóla, kynnast sögu Ísaks Jónssonar og reglum skólans á fyrstu skóladögum haustannar.
Börnin fá tækifæri til og þjálfast í að tjá sig fyrir framan aðra, segja frá, tjá tilfinningar á hverjum degi.	Börnin taka þátt í ÍSÍ hlaupi á haustönn og skólaleikum á vorönn.	Við kynnumst nokkrum fiskum sem hluti af vorbók.	Þorinn: Þorablót, Þorrasöngvar og gamlir þjóðhættir.
Börnin læra þulur og ljóð (tengt söngdagskrá og þema) jafnt og þétt yfir allt skólaárið.	Bekkjarskemmtun er haldin einu sinni. Börnin sýna atriði á sal og bjóða fjölskyldum sínum að koma og horfa á t.d. höfuðskepnurnar, söng eða leikrit.	Börnunum eru kynntir einingakubbar (unit blocks). Börnin leika með kubbana í frjálsum leik.	Trúabragðafræði: Af hverju halda sumir jól og páska en ekki aðrir? Verkefnavinna og umræður í kringum jól og páska.

Skóli Ísaks Jónssonar

	Einkunnarorð skólans: Hamingja. Umræða um hvað er hamingja, hvernig stuðlum við að hamingju annarra.	Vettvangsferðir, ýmist í tengslum við starfsáætlun eða til að brjóta upp daginn. Haustganga til að týna laufblöð og vorferð í tengslum við vinnu með Höfuðskepnurnar (loft, jörð, vatn og eldur).	Börnin hlusta á söngva og vinna verkefni um álfa og huldufólk í tengslum við nýárið.
	Á hverju ári er þemavika með mismunandi þemaverkefni.		Jólagjöf til foreldra. Börnin búa til maríubjöllu sem er máluð og teikna og skrifa kort.
NÁMSGÖGN: Verkefnahefti í eigu skólans og Bókin um Tíslu,			